

Fundur nr. 343

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2015, þriðjudaginn 3. mars var haldinn 343. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn hjá SSH og hófst kl. 09:00. Mættir: Eva Einarsdóttir formaður, Björg Fenger, Garðabæ, Kolbrún G Þorsteinsdóttir, Mosfellsbæ. Pétur Óskarsson, Hafnarfirði og Magnús Örn Guðmundsson, Seltjarnarnesi. Anný Berglind Thorstensen Kópavogi boðaði forföll. Jafnframt: Páll Guðjónsson frá SSH, Einar Bjarnason rekstrarstjóri og Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Á fundinn kom Sveinn Óli Pálmason frá Vatnaskilum og kynnti endurskoðun á vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu.

- Kl. 10:00 vék Einar Bjarnason af fundi.
2. Rætt um opnun á skíðasvæðunum í vetrarfríum grunnskólanna á höfuðborgarsvæðinu í febrúar sl. Almenn ánægja var með aukaopnun og ákveðið að skoða þetta að ári.
3. Rætt um aðsókn og stöðuna í fjöllumunum. Góð aðsókn hefur verið á tímabilinu.
4. Lagt fram bréf Skíðagöngufélagsins Ulls dags. 9. febrúar sl. varðandi gjalddöku fyrir skíðagöngu á skíðasvæðum.
Nefndin var sammála um að gjaldið væri sanngjarnt og framkvæmdastjóra falið að svara félaginu.
5. Lögð fram drög að rekstraryfirliti skíðasvæðanna fyrir árið 2015.
6. Samþykkt að leggja fram könnun á vegum Capacent til almennings um skíðasvæðin sem afþreyingu og þjónustu þar.

Fundi slitið kl. 11:00

Eva Einarsdóttir

Björg Fenger Kolbrún G. Þorsteinsdóttir
Pétur Óskarsson Magnús Örn Guðmundsson